

Reykjalundar, að bæði Reykjalundur og stofnun gerðarpóla hafa á sínum vegum sérfróða lækna og þjálfunar- og hjúkrunarlið.

Samkvæmt því, sem hér að framan greinir, verður rétturinn að líta svo á, að starfsemi gerðarpóla verði eigi talin „atvinnurekstur“ í venjulegri merkingu þess orðs eða samkvæmt skilningi hinna framangreindu laga- og reglugerðarákvæða og að hann eigi því að njóta skattfrelsis samkvæmt sömu lagaákvæðum. Hafi því eigi verið heimilt að leggja á gerðarpóla umkrafin gjöld. Þykir því verða að synja um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar. Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður sé látinn falla niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á eigi fram að ganga.
Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 14. október 1964.

Nr. 24/1964. **Fjöliðjan h/f, Kópavogi**

(Þorvaldur Þórarinnsson hrl.)

gegn

Fjöliðjunni h/f, Ísafirði, og gagnsök

(Gústaf A. Sveinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Firma hlutafélags.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. febrúar 1964, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. janúar sama árs. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 4. febrúar 1964. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í Hæstarétti, sem ákveðst kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Fjöliðjan h/f, Kópavogi, greiði gagnáfrýjanda, Fjöliðjunni h/f, Ísafirði, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Kópavogs 20. júlí 1963.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Marzelíus Bernharðsson, framkvæmdastjóri á Ísafirði, f. h. Fjöliðjunnar h/f á Ísafirði, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Kópavogs með stefnu, útgefinni 9. janúar 1962, gegn stjórn Fjöliðjunnar h/f í Kópavogi f. h. félagsins og krafist þess, að viðurkennt verði, að hinu stefnda félagi og stjórn þess skuli óheimilt að nota nafnið Fjöliðjan eða Fjöliðjan h/f sem nafn fyrir téð félag, að stjórn hins stefnda félags skuli skylt að láta afmá úr firmaskrá og hlutafélagaskrá Kópavogskaupstaðar nafnið Fjöliðjan h/f, allt að viðlögðum dagsektum til stefnanda, eigi undir kr. 100.00 á dag frá hverjum stjórnenda Fjöliðjunnar h/f í Kópavogi, enda verði stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.

Kröfur stefnda við munnlegan málflutning voru þær aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara krefst stefndi sýknu og málskostnaðar eftir mati dómsins. Fari svo, að dómur falli á stefnda, krefst hann frávísunar, að því er varðar stjórnendur félagsins persónulega.

Skráningarstjóranum í Kópavogskaupstað, Sigurgeiri Jónssyni bæjarfógeta, hefur verið tilkynnt um málshöfðun þessa með tilvísun til 52. gr. laga nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði, en engar kröfur eru gerðar á hendur honum, og hann hefur engar kröfur gert.

Málavextir eru þessir:

Samkvæmt tilkynningu til hlutafélagaskrár Ísafjarðarkaupstaðar, dags. 17. maí 1961, var Fjöliðjan h/f á Ísafirði stofnuð 15. maí 1961. Hlutafélagið var síðan skrásett 14. júní 1961. Er tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum þess „framleiðsla og sala á gluggarúðum og öðru úr tvöföldu og þreföldu Secureinangrunargleri og önnur störf í því sambandi.“ Tilkynning þessa efnis var birt í Lögbirtingablaðinu 24. júní 1961.

Hinn 17. júní 1961 var stofnað félagið Fjöliðjan h/f í Kópavogi. Það félag var skrásett 16. júlí 1961, og tilkynning um stofnun þess var birt í Lögbirtingablaðinu 19. ágúst 1961. Tilgangur þess félags er samkvæmt samþykktum þess „rekstur vinnuvéla, iðnaður og iðja, þar með talin sandblástur og málmhúðun, járnsmíði hvers konar, verzlun með iðnaðarvörur og annar skyldur atvinnurekstur.“

Dómkröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að mjög óhaganlegt sé, að starfandi séu tvö hlutafélög með sama heiti, og hafi það þegar valdið stefnanda óþægindum. Stefnandi telur og notkun hins stefnda félags á nafninu óheimila, enda hafi hann með skráningunni öðlzt einkarétt á téðu nafni. Í þessu sambandi bendir stefnandi á 16. gr. laga nr. 77 27. júní 1921 um hlutafélög, 10. gr. laga nr. 42 13. nóvember 1903 um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð og 9. gr. laga nr. 84 19. júní 1933 um varnir gegn ólögmætum verzlunarháttum. Enn fremur hefur stefnandi vísað til svonefndrar Parísarsamþykktar um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, en sú samþykkt hafi öðlzt lagagildi hér á landi með lögum nr. 102 28. desember 1961, sbr. auglýsingu nr. 5 5. júní 1962. Vill stefnandi því ekki sætta sig við nafngift hins stefnda félags né notkun þess á nafninu. Af hálfu stefnda hefur því verið lýst yfir, að svo geti að vísu verið, að óhagkvæmt sé, að tvö félög beri sama heiti. Hins vegar hafi stofnendum stefnda algerlega verið ókunnugt um tilveru stefnanda, er hið stefnda félag var stofnað. Starfssvið og tilgangur félaganna sé svo sitt með hvorum hætti, að ekki séu minnstu líkur til, að árekstrar hljótist af eða neins konar óhagræði. Engin lagaákvæði banni félögum í mismunandi hér- uðum eða lögsagnarumdæmum að bera sama heiti. Stefndi hefur og mótmælt því, að samnefni félaganna hafi valdið stefnanda óþægindum. Þá bendir stefndi á, að hér á landi sé fjöldi fyrirtækja starfandi með sama nafni, og sé yfirleitt ekkert fengizt við þessu, enda óskyld að lögum. Þar að auki sé nafnið réttnefni,

þar sem stefndi hafi fjölþætta og fjölbreytta iðju og starfsemi með höndum, en stefnandi fáist aðeins við eitt verkefni á þróngu sviði, og sé það verkefni hvorki iðnaður né iðja, heldur verzlun. Loks mótmælir stefndi því eindregið, að stefnandi hafi við skrásetningu öðlazzt einkarétt á nafninu Fjöliðjan.

Orðið „Fjöliðjan“ vekur ekki hugmynd um neinn sérstakan atvinnurekstur. Verður því að telja, að stefnandi, sem tók orð þetta upp sem heiti á hlutafélagi á undan stefnda, hafi öðlazzt gagnvart honum lögverndaðan rétt til þess, sbr. 9. gr. laga nr. 84/1933.

Samkvæmt þessu ber að taka til greina kröfu stefnanda um það, að stefnda og stjórn þess sé óheimilt að nota nafnið Fjöliðjan eða Fjöliðjan h/f sem nafn fyrir téð félag. Enn fremur ber að taka til greina þá kröfu stefnanda, að stjórn stefnda skuli skylt að láta afmá nafnið Fjöliðjan h/f úr hlutafélagaskrá Kópavogskaupstaðar. Hins vegar liggur fyrir í málinu, að umrætt nafn hefur ekki verið fært til firmaskrár Kópavogskaupstaðar, og verður því að sýkna stefnda af kröfu stefnanda, að því er það atriði stefnukröfunnar varðar. Varðandi kröfur stefnanda um dagsektir úr hendi stjórnenda stefnda, þá þykir verða að vísa þeirri kröfu ex officio frá dómi, þar sem stjórnendunum hefur ekki verið stefnt persónulega í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 5.000.00.

Ólafur W. Stefánsson setubæjarfógeti kvað upp dóm þenna ásamt samdómendunum Jósafat J. Línal skrifstofustjóra og Ragnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni.

Dómsorð:

Stefnda, stjórn Fjöliðjunnar h/f í Kópavogi, er óheimilt að nota nafnið Fjöliðjan eða Fjöliðjan h/f sem nafn fyrir téð félag, og er stjórninni skylt að láta afmá nafnið Fjöliðjan h/f úr hlutafélagaskrá Kópavogskaupstaðar.

Stefndi greiði stefnanda, Fjöliðjunni h/f á Ísafirði, kr. 5.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga að viðlagðri aðför að lögum.